



Inni í forritinu Wander er hægt að skoða ýmis söfn og byggingar. Þar eru nokkur listasöfn, söfn og merkar byggingar í sögulegu samhengi. Hér fyrir neðan er listi yfir þær og í hvaða tilgangi mögulega væri hægt að skoða.

Þar inni er líka skemmtilegt að leita af frægum stöðum og tilviljanakenndum sem eru í forritinu Famous places og Random places.

Safn (leitarorð í Wander) og staðsetning	Tegund	Sögulegt samhengi
Museu del Dissery de Barcelona	Hönnunarsafn / Spanish Industrial Museum	Sýning með spænskri iðnhönnun.
Museu Nacional d'Art de Catalunya - Barcelona	Forn listasafn Spánar	Áhugavert safn með mikið af fornri list tengd spáni þ.m.t. margar altaristöflur.
Museu d'Arqueologia de Catalunya MAC Barcelona	Fornminjasafn	Mikið um forngrípi t.d. Forngrískir vasar o.fl.
Museu de la Xocolata Barcelona	Súkkulaðisafn	Iðnsafn tengd súkkulaðigerð
Muse-d Historia Barcelona	Söguminjasafn Spánar	Ýmislegt tengt sögulegu samhengi í sögu spánar.
Musée du quai Branly - París	Alþjóðlegt safn um ættbálka listmuni	Ýmislegt tengt listmunum þjóðbálka, flokkað í svæði Afríka o.s.frv.
Musée d'Orsay - París	Listasafn	Meistaraverk í list 18. og 19. aldar. Raunsæi, rómantik og impressjón.
The British Museum - London	Fornminjasafn	Ýmislegt tengt sögulegu í heiminum T.d. hægt að skoða muni forn-grikkja og forn-egypta
Vincent Van Gogh Museum - Amsterdam	Listasafn	Listasafn tengt verkum listamannsins Vincent van Gogh. Post impressionism.
Ríkis Art Museum - Amsterdam	Listasafn	Evrópsk meistaraverk. 18., 19. og 20. aldar. Skúlpturnar o.fl.

Skemmtilegar byggingar sem hægt er að skoða í sögulegu samhengi við byggingarlist og arkitektúr.

Heiti byggingar (leitarorð)	Tegund	Sögulegt samhengi - liststefna
Skakki turninn í Pisa (Leaning tower of Pisa)	Turn	Rómanskur byggingarstíll. Bygging hófst árið 1173 - og tók heil 199 ár að byggja turninn. Er 55 m. hár. Eftir nokkur ár í byggingarferlinu og þegar komið var á 3 hæð byggingarinnar var hann farinn að halla og ljóst að jarðvegur undir byggingunni var ekki nógu góður og farið að halla og var grunnurinn lagaður. Er 7 hæða hár í dag. Stríðsátök og fjárskortur töfðu byggingu turnsins í tæp 200 ár. Fyrir lok 1900 voru grunnstoðir turnsins styrktar þar sem talið var að hann gæti farið að hrynja og talið er að þau dugi í 200-300 ár.
Notre Dame kirkjan í París	Kirkja	Gotneskur byggingarstíll. Í byggingu frá 1163-1345. Var meðal fyrstu bygginga í heimingu sem eru byggðar með veggstuðlum/fleygboga til stuðnings fyrir veggina, þar sem hægt er að byggja hærri byggingar með þessum styrk utan frá.
Sagrada Familia - Barcelona	Kirkja	Art Nouveau - hafið byggingu 1882 - gert ráð fyrir að ljúka byggingunni árið 2026. Antonio Gaudi hannaði 1866. Hefur verið í meira en öld í byggingu vegna þess að ríkið styrkir ekki bygginguna, í seinni borgarastyrjöldinni var brotist inn í bygginguna og stolið og eyðilaggt teikningar og gögn eftir Gaudi sem tengjast byggingunni.
Píramídarnir í Giza	Grafhýsi og forn egypsk bygging	Forn egypsk list - Sögufræðileg bygging byggðar um 2500 fyrir krist. Forn egypsk byggingarlist. Einir stærstu píramídar sem hafa verið byggðir 147 m. á hæð. Grafhýsi fyrir egypska faróinn Khufu.
Taj Mahal	Grafhýsi	Mógúllist - arkitektúr. Mughal keisarinn Shah Jahan 1628-1658 byggði Taj Mahal í minningu drottningar sinnar Arjumand Bano Begum, sem bar yfirskriftina „Mumtaz Mahal“. Taj Mahal undur heimsins er einnig þekkt sem tákn um ást og tryggð. Þessi grafhýsi staðsett í Agra er finasta sýning á mógúllist og arkitektúr. Það var byggt árið 1631 og var fullbúið árið 1653 og dreifðist það yfir 32 hektara lands. Taj Mahal laðar að ferðamenn frá öllum heimshornum og er sannarlega himnaríki á jörðu.